

## 3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

## 4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

## 5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

## 6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Djúpavogshrepps samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Þannig samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps, 20. október 2005.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Lækjarhvammur, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að bætt er við efnistökusvæði um 500 m norðan við bæjarhúsin að Lækjarhvammi. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka verði minni en 50.000 m<sup>3</sup>.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*